

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2900
komudagur 21.5.2008



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 20. maí 2008
Tilv.: SLR08030274/3.1

Ráðuneytið visar til tölvubréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. maí 2008, en með bréfinu fylgdu afrit af umsögnum sem borist hafa um frumvarp til laga um fiskeldi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir 135. löggjafarþing Alþingis 2007-2008.

Í ráðuneytinu hefur verið farið yfir umsagnirnar og hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem fram koma í meðfylgjandi skjali. Í breytingatillögnum felst að lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu hafbeitt verði breytt þannig að verði í samræmi við skilgreiningu á því hugtaki í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Einnig er lagt til að sveitarstjórnir (Samband íslenskra sveitarfélaga) fái umsagnarrétt um tilteknar ákvarðanir samkvæmt 2. mgr. 4. gr., 5. gr. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Þá hefur ráðuneytið farið yfir önnur atriði í umsögnun og er það mat ráðuneytisins að engin atriði sem þar komi fram gefi tilefni til frekari breytinga á frumvarpinu .

Fyrir hönd ráðherra


Ingimar Jóhannsson


Sigríður Norðmann

Breytingatillögur vegna frv. til laga um fiskeldi.

I. Breytingatillögur ráðuneytisins.

1. Skilgreining á hugtakinu hafbeit í 11. tl. 3. gr. laganna breytist og orðast svo:

“11. Hafbeit: Slepning gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað, þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annað hvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.”

2. Á eftir orðinu “Veiðimálastofnunar” í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur: Hafrannsóknastofnunarinnar og sveitarstjórnar.

3. Á eftir orðinu “Veiðimálastofnunar” í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur: Hafrannsóknastofnunarinnar og sveitarstjórnar.

4. Á eftir orðinu “Veiðimálastofnunar” í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins kemur: Hafrannsóknastofnunarinnar og sveitarstjórnar.

5. Á eftir orðinu “Veiðimálastofnunar” í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, kemur: Hafrannsóknastofnunarinnar og sveitarstjórnar.

II. Tillögur í um sögnum um að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verði skipaður í nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

Af hálfu ráðuneytisins hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort rétt sé skipa fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í nefnd sem gert er ráð fyrir að starfi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Ef það verður gert þarf að breyta ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og, lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, t.d. svo að á eftir orðinu umhverfisráðuneyti þar komi: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.